

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorg 7
210 Garðabær

HB, PS 06.80 Garðabær 11. desember 2019

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis
Bæjarskrifst. Garðabæjar

Mótt.dags.	16.12.19
Málalykill	11.0
Mál nr.	1912151

Sjá meðfylgjandi afrit af bréfi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis til
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og til heilbrigðisnefnda Reykjavíkur og Kjósarsvæðis.

F.h. heilbrigðiseftirlits,

Páll Stefánsson
Páll Stefánsson
Deildarstjóri



HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hkk@heilbrigdiseftirlit.is

Afrit

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

B.t. Jóns Viðars Matthíassonar slökkviliðsstjóra

Skógarhlíð 14

105 Reykjavík

HP, PS 06.80 Garðabær 11. desember 2019

Efni: Gerð Viðbragðsáætlunar til að draga úr loftmengun.

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sem haldinn var þann 2. desember 2019 var eftirfarandi samþykkt gerð:

*„Heilbrigðinefnd óskar eftir að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) verði falið að gera samræmda viðbragðsáætlun til að draga úr loftmengun á starfssvæði nefndarinnar.
Nefndin hvetur enn fremur til þess að samvinna verði höfð við aðrar heilbrigðisnefndir á svæðinu.“*

Greinargerð.

Samkvæmt 36. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998) og 15. gr. reglugerðar um loftgæði (nr. 787/1999 m.s.b.) ber heilbrigðisnefndum sveitafélaga að gera viðbragðsáætlanir til að draga úr loftmengun ef hún fer yfir skilgreind viðmiðunarmörk svo að hægt sé að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði á Íslandi. Eins og sjá má á ofangreindum ártölum hefur legið fyrir um langt árabíl að sveitarfélögum (heilbrigðisnefndum) hefur borið skylda til að gera slíkar viðbragðsáætlanir. Að Reykjavíkurborg undanskilinni hefur ekkert sveitarfélag lokið þessari vinnu. Umhverfisráðuneytið leggur nú ríka áherslu á að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en á árinu 2020. Þá áherslu má m.a. finna í áætlun um loftgæði á Íslandi 2019-2029, Hreint loft til framtíðar.

Fulltrúar heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hafa fundað með forsvarsmönnum framkvæmdasviða sinna sveitarfélaga um gerð slíkrar viðbragðsáætlunar. Kom þar fram að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hafi stýrt gerð ýmissa viðbragðsáætlana sem sveitarfélögin þurfa að gera í öðrum tengdum málaflokkum. Var það sameignleg niðurstaða að leita skyldi til SHS um aðstoð við gerð ofangreindrar viðbragðsáætlunar. Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur Garðabæjar ræddi í kjölfarið við fulltrúa SHS. Mun SHS hafa tekið vel í þann málalíbúnað sem ætti að vera hægt að vinna á árinu 2020. Mun slökkviliðið hafa lagt til að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu myndu sameinast um aðkomu að verkefninu.

Til samræmingar og til einföldunar við gerð viðbragðsáætlana um land allt gaf Umhverfisstofnun út handbók árið 2019; „Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði. Skammtíma-



ráðstafanir til að draga úr loftmengun“. Tekur sú handbók verulegt mið af því sem Reykjavíkurborg hefur þegar gert.

Bréf þetta er sent Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisnefndum Reykjavíkur og Kjósarsvæðis með ósk um samvinnu um þetta verkefni.

Virðingarfyllt,


Hörður Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri

F.h. Heilbrigðisnefndar
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Afrit sent bærarstjórum Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar og Kópavogs